



Kennsluáætlun 2020-2021

Bekkur: 9. og 10.bekkur

Námsgrein: Smíðjur – list og verkgreinarúllur.

Kennarar: Margrét Lára, Andrea Sif, Veiga dís, Ingibjörg Ó/ Elísabet Júl, Þyrnir H, Íris, Elíasbet Stef – Sólveig,

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku allan veturinn. 7.smíðjur – sjö kennarar.

Námsgögn: Leiðbeiningar frá kennara, námsefni á rafrænu formi og verkleg kennsla.

Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- *Tjáning og miðlun.*
- *Skapandi og gagnrýnin hugsun.*
- *Sjálfstæði og samvinnu.*
- *Nýting miðla og upplýsinga.*
- *Ábyrgð og mat á eigin námi.*

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.*

Önnur hæfniviðmið sem lúta að almennri framkomu og vinnulagi í tímum og metin yfir allt árið:

- *Tekur ábyrgð á eigin námi.*
- *Virðir vinnufrið annarra.*
- *Vinnur með öðrum og sýnir jákvæðni í samskiptum.*
- *Leitar upplýsinga, les sér til gagns og vinnur sjálfstætt.*
- *Vinnur vel og fer eftir fyrirmælum.*
- *Sýnir vönduð vinnubrögð við verkefnaskil.*
- *Fer eftir þeim fyrirmælum sem lagt er upp með og skilar verkefnum á réttum tíma.*

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár

Símat er á virkni, ástundun og vinnu nemenda yfir önnina.

Ástundun = Vinna í tíma, mæting og frágangur.

- Þessir þættir eru metnir með símati og teknir inn í námsmat verkefna.

Vinna = Verkefni sem lokið er við, vinnuteikningar og hönnun.

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.



Kennsluáætlun 2020-2021

Vikan	Viðfangsefni	Námsefni	Mat	Annað
28.08	Smiðja A	Innlögn.		
04.09	Smiðja A	Framkvæmd/verkefnavinna.		
11.09	Smiðja A	Framkvæmd/verkefnavinna.		
18.09	Smiðja A	Verkefni lokið, frágangur – námsmat.	Mat ástundun og vinna í smiðju A	
25.09	Smiðja B	Innlögn.		
02.10	Smiðja B	Framkvæmd/verkefnavinna.		
09.10	Smiðja B	Framkvæmd/verkefnavinna.		
16.10	Smiðja B	Verkefni lokið, frágangur – námsmat.	Mat ástundun og vinna í smiðju B	
30.10	Smiðja C			
06.11	Smiðja C			
13.11	Smiðja C			
20.11	Smiðja C		Mat ástundun og vinna í smiðju C	
27.11	Opin smiðja	Verkefni úr fyrri smiðjum kláruð.		
06.12	Opin smiðja	Verkefni úr fyrri smiðjum kláruð.		
11.12	Smiðja D			
08.01	Smiðja D			
15.01	Smiðja D			Annarlok
22.01	Smiðja D		Mat ástundun og vinna í smiðju D	
29.01	Smiðja E			

Verkefni og skipulag kennslu í smiðjum:

Smíði – klukka – MLE

Klukka.

Verkefnið felur í sér að velja form til að vinna út frá; hring, ferning, þríhyrning eða aðra hyrninga. Formið þarf síðan að taka í sundur eða setja mynstur í það. Formið er sett aftur saman með fjölbreyttum aðferðum án þess að formið breytist – minnki / stækki / aflagist. Unnið er með að minnsta kosti tvö efni sem eru sett saman. Hægt er að velja um; timbur, gler, málma, epoxylakk, leður, bönd eða annað sem nemendur kjósa. Þegar formið hefur verið sett saman er pússað og frágangur vandaður. Þá er mælt út fyrir klukkuverki og það fellt inn í formið. Útkoman verður einstök klukka hvers og eins nemenda.

Unnið sérstaklega með tifsagir, fræsara, epoxylakk, samsetningar.

- 1.-2. tími – Innlögn, sýnishorn og hönnun klukkunnar, efni ákveðin og vinna með epoxy æfð.
- 3.-4. tími – Formhönnun, sögun og samsetning.
- 5.-6. tími - Formhönnun, sögun og samsetning.
- 7.-8. Tími – Klukkuverk fellt í formið, lokafrágangur.



Stop-motion stuttmyndir - ASI

Notum forritið Stop Motion Studio í iPöðum til að búa til okkar eigið stop motion myndband. Hönnum bakgrunn, skrifum handrit og búum til persónur úr leir.

Tími 1-2: Kynnast stuttmyndum, kveikja: https://www.youtube.com/channel/UCHjVCR-fV_X789MsE7GRFqQ

Raða sér 2-3 saman í hópa. Prófa sig áfram með stop motion studio – prófa að nota hendur og slíkt til að búa til örstutt skot, til að æfa sig og kynnast stop motion studio.

Tími 3-4: Skapa sögu; gera handrit. Hanna persónur og bakgrunn. Vinnum með leir fyrir persónur og það sem hreyfist. Plaköt fyrir bakgrunn og botn.

Tími 5-6: Taka upp sögu með iPöðum á stop motion studio. Myndbandið á að ná a.m.k. 2 mínútum.

Tími 7-8: Klára að taka upp, en annars að edita: bæta við tónlist, hljóðum, frásögn. Lítil kvikmyndahátíð þar sem myndböndin eru sýnd – jafningjamat.

Heimilisfræði – ÞH

Verkefni lagt fyrir í fyrstu viku: „what i eat around the world in 80 diets“

Nemendur velja myndir af viku matarinnkaupum fjölskyldna víðsvegar um heim og fjalla um.

Verklegir tímar í annarri og þriðju viku:

Nemendur velja uppskriftir frá kennara eða koma með sínar eigin.

Fjórða vika: Frágangur í kennslustofu eftir smiðjuna. Skil á verkefni „what i eat around the world in 80 diets“



Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Smíði MLE – Formfræði og efnisnotkun Klukka Hönnun VD- Grunnteikning og efnisnýting.	Nemandi getur <ul style="list-style-type: none">• útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu,• valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki,• valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum,• hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum.• valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum,• hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum.• útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.	Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að hanna og smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Áhersla er lögð á nýsköpun og hagnýtingu.	Námsmat er símat og felur í sér könnun á verkviti, þekkingu á efnum og færni í notkun verkfæra. Lögð er áhersla á að nemandur geri sér grein fyrir hvenær frágangur telst vandaður og mikilvægi góðrar umgengni.
Stop Motion stuttmyndir ASI	<ul style="list-style-type: none">• unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna• metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir.• beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt,		
Heimilisfræði ÞH	<ul style="list-style-type: none">• Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla Matreit einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best- unnið sjálfstætt eftir uppskrifum og notað til þess		Ástundun: Vinna í tíma, mæting, umgengni, framkoma, samvinna og frágangur 100%



Kennsluáætlun 2020-2021

	<p>algengustu mæli- og eldhúsáhöld Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð</p> <ul style="list-style-type: none">• Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar• farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi		
--	--	--	--